



445. Stjórnarfundur haldinn 5. mars. 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Birgir Már Bragason (BMB).

Fjarverandi: Guðjón Axelsson (GA).

1. Skipting stjórnar.

EH lagði til óbreytta skipan stjórnar. KG varaformaður, ÞMK gjaldkeri, BSS ritari og BI meðstjórnandi.
Samþykkt.

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Andrésí Péturssyni Rannís v/umsóknar okkar í íþróttasjóð. *Umsókn félagsins hafnað.*
Tölvupóstur frá UMFÍ v/tilnefningu í verkefnið „Fjölskyldan á fjallið“. *Ákveðið að tilnefna Keili.*
Tölvupóstur frá Sigrúnu H Sigurjónsdóttur ritara nefndarsviðs Alþingis v/umsagnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt (undanþágu og endurgreiðslur til íþróttafélaga). *Umræður um frumvarpið og hvað það þýði fyrir félagið. Ákveðið að stjórnarmenn kynni sér frumvarpið og myndi sér skoðun á því. Umsögn þarf að skila inn fyrir 26. mars. EH leggur áherslu á að félagið skil inn umsögn.*

4. Send bréf.

Engin

5. Aðalfundur Keflavíkur fyrir 2014.

EH fór yfir helstu atriði sem fram komu á aðalfundi félagsins. Félagið er með 54% iðkenda á Reykjanesskaganum. Skipting á milli Keflavíkur og Njarðvíkur er Keflavík 73% og Njarðvík 27%. Umræður um stöðu malarvallarsvæðisins. Beint var til stjórnar að ræða við bæjaryfirvöld um framgang samnings sem gerður var um uppbygginu á malarvallarsvæðinu. *EH falið að hafa samband við bæjaryfirvöld og óska eftir fundi. Aðalstjórnarmenn lýsir furðu sinni yfir mætingu bæjarfulltrúa og fulltrúa íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar á aðalfundinn, en þeir fengu allir boð á fundinn.*

6. Umhverfisdagur Keflavíkur.

Umræður um dagsetningu á deginum. *Ákveðið að Umhverfisdagur Keflavíkur verði 28. apríl kl.17:00 – 19:00 og endað á grilli. Deildir taki til í nærumhverfi sínu. Framkvæmdastjóra falið að kynna daginn innan deilda félagsins og sjá um undirbúning á honum.*

7. Keflavíkurdagur.

Umræður um Keflavíkurdaginn. *Ákveðið að setja af stað nefnd. BMB verður fulltrúi aðalstjórnar. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir nafni frá deildum félagsins í nefndina.*

8. Önnur mál.

Undirrituð húsaleiguábyrgð fyrir knattspyrnudeild að upphæð 172.845.-kr. lág fyrir sem EH undirritaði fyrir hönd félagsins.

EH sagði frá því að námskeiðs í Nora skráningar- og greiðslukerfi fyrir stjórnendur og þjálfar verði haldið 10. mars kl. 18:00 í sölum félagsins.

Nettómótið fer fram um helgina í umsjón unglíngaráða körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur.

EH sagði frá því að skotdeild hafi fengið 350.000.-kr.v/kastvéla á Leirdúfuvöll og fimleikadeild 300.000.-kr. í kaup á strákaáhöldum úr íþróttasjóði Ríkisins.

Ákveðið að fastur fundartími aðalstjórnar verði anna hvern fimmtudag kl.18:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Næsti fundur er 19. mars kl. 18:00

Fundinn ritaði BS.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

